

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 3.06.2009:

Mættir: J. og H.M..

Forföll boðaði: Ei., G. og M.

Sumarslen er í starfi nefndarinnar þessa dagana.

Eftirfarandi var til umræðu:

- Sumarstarfið bar á góma og í því samhengi hve gagnlegt það væri að menn færu á fundi þar sem þeir stöldrúðu við úti á landsbyggðinni á stöðum þar sem AA-deildir eru starfandi. Nýttu tækifærið til að kynna UNLPN og segja frá starfi stað-/svæðisbundinna upplýsingarnefnda. Nældu um leið í tengla fyrir nefndina.
- H.M. sagði frá upplýsingarverkefnum, sem upplýsingarnefnd SAAS er með í gangi, t.d. kynningu hjá háskólanemum á hjúkrunarsviði. Ákveðið að H.M. verði fulltrúi UNLPN varðandi bæklinga, sem UNSAAS þarf til starfsemi sinnar og fari allar beiðnir um slíkt í gegnum hann til skrifstofu.

Næsti reglulegi fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 1.07.2009**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir að ræða um:

Sumarstarfið.

Önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 1.07.2009:

Mættir: G., H.M. og J.

Forföll boðaði: Ei. og I.

Sumarslen er í starfi nefndarinnar. Yfirstandandi sumarfrí og góðviðri þessa dagana draga augljóslega úr fundarsókn.

Eftirfarandi var til umræðu:

- Ýmislegt bar á góma, sem varðar meðferð alkóhólista og AA-samtökin, en ekki ástæða til að tunda það nánar hér.
- H.M. sagði aðeins frá starfsemi RAPT innan fangelsa og hugsanlegra tilrauna með slíka starfsemi í íslenskum fangelsum. Hópur mun hafa verið í Bretlandi að kynna sér þetta.
- Þá vakti H.M. máls á því hvort tími væri kominn til þess að athuga með að koma upp AA-fundi á netinu, eða spjallrás fyrir AA-menn á netinu. Þetta gæti gagnast vel alkóhólistum, sem eru afskekktir og komast ekki á fundi, svo og sjómönnum. Það er svo alltaf spurning um það hvort nægilegur mannskapur er fyrir hendi til að standa fyrir og stjórna slíkum fundi eða spjallrás.
Þetta var rætt, en engar niðurstöður urðu úr þeim umræðum.

Næsti reglulegi fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 5.08.2009**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir að ræða um:

Sumarstarfið.

Önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 5.08.2009:

Mættir: Ei., I. og J.

Forföll boðaði: El., G. og H.M.

Sumarslen er enn í starfi nefndarinnar. Yfirstandandi sumarfrí og góðviðri þessa dagana stuðla augljóslega að því, að fundarsókn er fremur dræm. Væntanlega fer hún batnandi. Engin sérstök, aðkallandi mál hafa borist nefndinni til umfjöllunar og/eða úrlausnar undanfarnar vikur.

Ýmislegt bar á góma í umræðunni, sem varðar mannlífið á Íslandi í dag, en ekki sérstaklega AA-samtökin og er ekki ástæða til að tunda það nánar hér.

Næsti reglulegi fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 2.09.2009**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir að ræða um:

Sumarstarfið.

Önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 2.09.2009:

Mættir: H.M. og J.

Forföll boðaði: Ei., G. og M.

Sumarsleni því, sem verið hefur í starfi nefndarinnar fer nú væntanlega að ljúka þó vonandi haldist veðrið gott fram eftir hausti. Þá glæðist fundasókn.

Eina málið, sem borist hefur nefndinni nýlega, er spurningareyðublað í exelformi, er henni var framsent af skrifstofu AA-samtakanna á Íslandi. Það barst frá Steinunni Hrafnadóttur, dósent í félagsráðgjöf og Ómari H. Kristmundssyni, dósent í stjórn málafræði, en þau vinna að skráningu félagasamtaka á Íslandi. Í bréfi, sem barst með spurningablaðinu segir: *“Í skránni er ætlunin að lista öll félagasamtök á Íslandi sem tengjast félags- og heilbrigðisgeiranum. Markmið þessa er að kortleggja félagasamtök á Íslandi og ekki síður að auka aðgengi bæði fagaðila og almennings að upplýsingum um þjónustu og ráðgjöf þessara félagasamtaka.”*

Reyndar mun skrifstofan vera þegar búin að útfylla spurningaeyðublaðið og senda það til baka, enda ekki mjög viðarmiklar né flóknar spurningar þar að finna. Þó er ljóst, að sumar spurningar, sem eiga við um flest önnur félagasamtök, eiga ekki við um AA-samtökin svo sem t.d. spurningar um stjórn, formann, félagatölu, félagaskrá o.s.v. frv. Því fannst okkur rétt að halda þessu máli áfram á umræðuskrá og ræða þetta nánar m.a. með tilliti til vandamála, er þetta skapar t.d. við að stofna bankareikninga fyrir einstakar AA-deildir og fá þá skráða hjá innlánastofnunum.

Eitt af því, sem velt var upp og tengist ofanskráðu, var hvort til greina kæmi að samtökin hefðu eina viku að vetri þar sem skráð yrði fundarsókn, fjöldi og tegund funda o.s.v. frv. Endurtekið árlega í sömu viku ársins sem einhverskonar mælikvarði á starfsemi AA-samtakanna á Íslandi.

Þetta er hið helsta, er til umræðu var.

Næsti reglulegi fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 7.10.2009**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir að ræða um:

Kynningarbás á Geðheilbrigðisdegi, 10. okt. nk.

Störf vetrarins, sem framundan er.

Skráningu AA-samtakanna.

Önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 7.10.2009:

Mættir: G., H.M., I. og J.

Forföll boðaði: Ei., El., M. og S.

Ei. og El. manna kynningarbás AA-samtakanna á afmælisfundi SÁÁ í Háskólabíói í kvöld eins og sl. Ár.

Þetta er hið helsta, er til umræðu var:

- Þátttaka AA-samtakanna með kynningarbás á Alþjóða geðheilbrigðisdeginum 10. október nk. Upplýsingarnefnd SAAS mun sjá um það og hefur H.M. milli-göngu um það. Starfsemi upplýsingarnefndar SAAS gengur vel og eru þar ýmis verkefni í gangi og vinnslu.
- Bréfi barst framsent frá skrifstofunni frá 24 ára AA-félaga sem, virkur er í AA samtökunum, búinn að vera edrú í 2 ár og hefur hugmyndir um forvarna-fræðslu verkefni. Vantar liðsinni til að hrinda því í framkvæmd. H.M. mun hafa samband við hann og bjóða honum þátttöku í starfi upplýsingarnefnd SAAS á þessu sviði.
- Rætt var um hvort gerlegt og gagnlegt væri að taka upp könnun á þátttöku í starfsemi AA-samtakanna á Íslandi samkvæmt leið og aðferð GSO eina ákveðna viku á ári þannig að fyrirlægju staðlaðar upplýsingar um þessi atriði og breytingar á þeim. Ákveðið var að stinga upp á því að H.M. verði fenginn til þess að mæta á fund hjá LPN við tækifæri til þess að segja frá þessum hugmyndum og kynna starfsemi upplýsingarnefndar SAAS.
- J. sagði frá aðgerðum til þess að koma upp kynningarbúnaði í kynningarbás er innihaldi: Innrömmuð: Inngangsorð AA-samtakanna, 12 reynsluspor AA-samtakanna, 12 erfðavenjur AA-samtakanna, símanúmer AA-samtakanna á Íslandi og veffang; aa.is. Bæklingana: AA í samfélaginu, Er AA fyrir þig? Nafnleyndin. Svo og sýnieintök af helstu bókum AA-útgáfunnar.

Næsti reglulegi fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 4.11.2009**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir að ræða um:

Störf vetrarins, sem framundan er.

Önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 4.11.2009:

Mættir: G., H.M., I., J., M. og S.

Forföll boðaði: Ei..

Þetta var helst rætt:

- Milli funda barst nefndinni frá skrifstofunni framsend ósk um AA-kynningu fyrir nemendur Háskóla Íslands. Oddamaður sendi beiðnin til upplýsingarnefndar SAAS með milligöngu H.M. Var kynningin síðan haldin 3.11. sl. og tókst ágætlega. Kynningin var með ræðumanni og PowerPoint kynningarefni (H.M. mun senda J. afrit af því handa UNLPN).
- Fyrir fundinum lá bréf frá opinni AA-deild í kirkju Óháða safnaðarins á miðvikudögum kl. 18, sem á í erfiðleikum vegna mikillar aðsóknar skólabarna, er þangað leita send af kennurum sínum til að kynna sér AA-samtökin. Óskað er aðstoðar nefndarinnar. Rætt og I. tók aðsér að hafa samband við sendanda bréfsins.
Nauðsynlegt að hafa samband við forráðamenn skóla og bjóða uppá kynningarfundum áður en farið er að senda nemendur í stórum stíl á opna AA-fundi.
- Ei. og El. voru fjærverandi, en það fréttist að lítil aðsókn hafi verið að kynningarbás AA-samtakanna á afmælisfundi SÁÁ. Básinn ef til vill ekki nægilega vel merktur.
- Hinsvegar góð aðsókn að kynningarbás AA-samtakanna á Alþjóða geðheilbrigðisdeginum 10. október sl. enda básinn vel merktur.
Nauðsynlegt að koma upp kynningarbúnaði í kynningarbás er merktur sé 'logo' AA-samtakanna og innihaldi: Innrömmuð: Inngangsorð AA-samtakanna, 12 reynsluspor AA-samtakanna, 12 erfðavenjur AA-samtakanna, símanúmer AA-samtakanna á Íslandi og veffang: aa.is. Bæklingana: AA í samfélaginu, Er AA fyrir þig? Nafnleyndin. Svo og sýnieintök af helstu bókum AA-útgáfunnar.

Næsti reglulegi fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 2.12.2009**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir að ræða um:

Störf vetrarins, sem framundan er.

Önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 2.12.2009:

Mættir: G., H.M., J., og S..

Forföll boðaði: I. og M..

Þetta var helst rætt:

Fjörugar umræður spruttu út frá bréfi, er lá fyrir á síðasta fundi, frá opinni AA-deild í kirkju Óháða safnaðarins á miðvikudögum kl. 18, sem á í erfiðleikum vegna mikillar aðsóknar skólabarna, er þangað leita send af kennurum sínum til að kynna sér AA-samtökin.

Rætt var um þörf fyrir fræðslu innan samtakanna um ýmislegt, er viðkemur innra starfi þeirra svo sem t.d. um fundaform (hvernig eru opnir fundir), um samvisku deilda (hversvegna þarf hún að vera virk) og miklu fleira.

Rætt var um hvernig ókeypis málagn á netinu gæti þjónað þessum tilgangi, t.d. endurvakið **Hálmstrá**, eða fréttabréf t.d. í líkingu við **Box 459**. Tími væri kominn til að láta á það reyna hvort slíkt málagn gæti ekki sannað sig.

Fleira var ekki til umræðu.

Næsti reglulegi fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 6.01.2010**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir að ræða um:

Starfsemin fram að Þjónusturáðstefnu.

Kynning í tengslum við afmælisfundinn á föstudaginn langa.

Önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 6.01.2010:

Mættir: H.M., J., M. og S.

Forföll boðaði: Ei., El. og G.

Engin sérstök aðkallandi mál lágu fyrir fundinum til úrlausnar og var því umræðan nokkuð dreifð og drepð á margt, sem ekki beinlínis heyrir undir upplýsingar og kynningar starf.

H.M. greindi frá því, að í næsta mánuði yrðu væntanlega breytingar innan þess hóps, er vinnur þjónustustörf innan SAAS. Mun hann þá væntanlega hætta sem tengiliður SAAS og Upplýsingarnefndar LPN, en nýr aðili koma í hans stað. Þegar ljóst verður hver það verður mun hann taka hann með sér á fund og leiðbeina honum varðandi tengslin við nefndina.

Nokkrar umræður urðu um hvort, og þá hvernig, hægt væri að nýta fréttatilkynningu til fjölmiðla varðandi afmælisfund AA-samtakanna á Íslandi á föstudaginn langa til að koma á framfæri frekari kynningu á starfsemi Samtakanna. Niðurstaða varð þó engin. Helst væri hægt að minna á Samtökin sem valkost við inniliggjandi meðferð á tíma niðurskurðar og fækkunar leguplássa. Það kann þó að vera tvíbent, sérstaklega ef móttaka nýliða í deildum er ekki almennt markviss og í mjög góðu lagi.

Fleira var ekki til umræðu.

Milli funda hefur það gerst, að borist hefur til skrifstofunna og þaðan til LPN, fyrirspurn frá 28 ára gömlum nema á lokaönn í tómsunda og félagsmálafræði við HÍ. Hann þarf að taka vettvangsnám í einhverju frístunda, eða félagstengdu, á þessari lokaönn. Datt í hug að verið gæti mjög áhugaverð reynsla að læra um AA og taka vettvangsnám sitt hjá AA-samtökunum. Á fundi LPN, 1. febr. sl., var málinu vísað til Upplýsingarnefndar LPN og oddamanni hennar falið að ræða við viðkomandi.

Oddamanni finnst eðlilegt að fá viðkomandi til að mæta á næsta fundi nefndarinnar, ef það er mögulegt, þannig að öllum gefist kostur að heyra hvað hann hefur fram að færa. Erindi hans fylgir með í viðhengi til frekari upplýsingar.

Næsti reglulegi fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 3.02.2010**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir að ræða:

Fyrirspurn háskólaneman eftir að hafa hlustað á hann.

Starfsemin fram að Þjónusturáðstefnu.

Kynning í tengslum við afmælisfundinn á föstudaginn langa.

Önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LÞN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 3.02.2010:

Mættir: Ei., I., J. og G.

Forföll boðaði: H.M.

Þetta gerðist:

Á fund nefndarinnar mætti háskólanemi á lokaönn í tómsunda og félagsmálafræði við HÍ. Hann hafði sent LÞN erindi þar sem hann spurðist fyrir um hvort hann gæti fengið aðstöðu til að taka vettvangsnám sitt hjá AA-samtökunum og læra um AA. Á síðasta fundi LÞN, var málinu vísað til Upplýsingarnefndar LÞN og oddamanni hennar falið að ræða við viðkomandi.

Hann gerði nánari grein fyrir máli sínu og hlustuðu nefndarmenn á hann og spurðu. Í ljós kom að hann vissi harla lítið um uppbyggingu samtakanna og hvernig þau starfa. Reyndi oddamaður og aðrir fundarmenn að upplýsa hann í stuttu máli og grófum dráttum um það og jafnframt hvernig uppbygging AA-samtakanna, sem hóps sjálfstæðra deilda með lokaða fundi, án stjórnar og miðstjórnar gerði mjög erfitt, ef ekki ókleyft, að verða við beiðni hans. Honum var bent á bókakost með upplýsingum um tilurð og þróun AA-samtakanna í Íslandi og í Bandaríkjunum.

Eftir að háskólaneminn hafði vikuð af fundi var erindi hans rætt nánar og varð niðurstaða fundarmanna sú, að AA-samtökin á Íslandi, sem slík, gætu alls ekki orðið við þessari beiðni. Oddamanni var falið að flytja háskólanemanum þessa niðurstöðu.

Næsti reglulegi fundur Upplýsingarnefndar LÞN: **Miðvikudaginn 3.03.2010**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir að ræða:

Starfsemin fram að Þjónusturáðstefnu.

Kynning í tengslum við afmælisfundinn á föstudaginn langa.

Önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 3.03.2010:

Mættir: G., H.M., I., og J.

Forföll boðuðu: Ei., M. og S.

Þetta gerðist:

- Fyrir fundinum lá að tilnefna fulltrúa Upplýsingarnefndar LPN í vefnefnd þjónusturáðstefnu. I. var tilnefndur og mun taka það að sér.
- Nokkrar umræður urðu um ýmis önnur mál svo sem t.d. heimasíðu samtakanna og virtust menn sannála um, að hún þyrfti helst að vera “lagskipt” því ýmislegt, sem þangað væri sett og þar yrði að vera, ætti ekki erindi við hinn almenna borgara, sem leitar inn á síðuna til þess að leita upplýsinga um eðli samtakanna, bataleiðir, fundarstaði og fundartíma.

Þá voru menn á því, að bæklingar samtakanna mættu vera þar í pdf. formati.

Ekki var annað markvert til umræðu og fleiri ákvarðanir ekki teknar.

Næsti reglulegi fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 7.04.2010**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir að ræða:

Starfsemin fram að Þjónusturáðstefnu.

Önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.

Upplýsingarnefnd LPN

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn á Bárugötu 35, R., miðvikudaginn 7.04.2010:

Mættir: A.P., H.M. og J.

Forföll boðaði: Ei.

Oddamanni nefndarinnar urðu á þau óafsakanlegu mistök að gleyma að senda út fundarboð og fundargerð síðasta fundar. Hvort þarna var um að kenna glettum Elli kerlingar, eða einhverju öðru, skal ósagt látið, en oddamaður biðst auðmjúklegra afsökunar á þessum ósköpum. Vilji menn að boðaður verði annar fundur fyrir næsta fasta fund bið ég þá, sem það vilja, um að láta undirritaðan vita sem fyrst og mun það þá gert.

Á fundinn mætti A.P., sem tekur við af H.M. og verður lulltrúi SAAS í Upplýsingarnefnd LPN.

Þetta gerðist:

Hinn nýi fulltrúi SAAS kynnti sig og var lítillega fræddur um starfsemi nefndarinnar.

Rætt var ýmislegt, er varðar starfsemi AA-samtakanna og þá m.a. starfsemi upplýsingarnefnda.

Engar ákvarðanir teknar.

Næsti reglulegi fundur Upplýsingarnefndar LPN: **Miðvikudaginn 5.05.2010**, kl. 20:00 á heimili oddamanns að Bárugötu 35, Reykjavík.

Á fundinum liggur fyrir að ræða:

Starfsemin fram að Þjónusturáðstefnu.

Önnur umræðuefni velkomin og vel þegin!

Bestu kveðjur. J.